





KJP



GRUNNMYND 1. HÆÐAR MKV: 1:100



GRUNNMYND MÍLLÍDFTS MKV: 1:100

Bæjarbíó, Strandgötu 6, Hafnarfirði

Viðgerðir og endurbætur að innan á vegum Kvikmyndasafns Íslands

Bæjarbíó í Hafnarfirði var hannað á árunum 1942-43 af Sigmundi Halldórssyni arkitekt. Skarphéðinn Jóhannsson vann við hönnun á innréttingum. Fyrstu kvikmyndasýningar voru í janúar 1945.

Notkun Bæjarbíó var notað til kvikmyndasýninga og sýninga á munum og tækjum, ásamt ráðstefnu- og fundahaldi er tengjast starfsemi Kvikmyndasafnsins.

Breytingar sem gerðar hafa verið Um 1960 var sviðsopi breytt til að hægt væri að sýna kvikmyndir á breiðjaldi. Leikfélag Hafnarfjarðar hefur haft afnot af húsinu síðustu árin og hefur það stækkað sviðið og fjarlæggt sætaráðir. Sett hefur verið upp sviðslýsing og gerðar breytingar á sýningarklefa. Skipulagi í anddyri / miðasölu hefur verið breytt og komið fyrir eldhúsi og skrifstofu. Á nýlegu milligótti er búningageymsla (sbr. teikn. Friðjóns Ólafssonar frá ágúst 1990). Salur, forsalar og anddyri hefur verið málað, sett bárujárn á vegg í forsali og anddyri, gólfefni skipt út og lýsing breytt.

Fyrirhugaðar framkvæmdir Áætlað er að færa Bæjarbíó í upphaflegt horf að innan. Seinni tíma viðbætur verða fjarlægðar. Yfirborðsmeðhöndlun (litir og efisnotkun), lýsing og innréttingar munu taka mið af upphaflegri útfærslu. Herbergjaskipan í anddyri / miðasölu verður endurgerð. Settur verður upp nýr veggur sem aðskilja mun skrifstofu frá forsali. Veggur og lúga í miðasölu verður endurgert eftir upprunalegum teikningum. Núverandi hurðir sem eiga að vera B30 verða endurbættar (hurðargrind fyllt með steinull og reykþéttilisti settur í karm). Sett verður stálhurð A60 milli forsalar og stíghúss. Sett verður gler í útihurðir eins og upphaflega var.

Brunamál voru yfirfarin af Guðmundi Gunnarssyni verkfræðingi hjá Brunamálastofnun ríkisins í febrúar 1998. Rýmingarleiðir eru nægilegar miðað við að kvikmyndasalurinn rými ca 300 manns. Vængjahurðum skal breyta þannig að hægt verði að opna báða vængina með húni eða snerti. Ekki eru gerðar athugasemdir við núverandi eða fyrirhugaðar klæðningar í kvikmyndasali, forsali eða anddyri. Kvikmyndasalur skal vera sjálfstætt brunahólf með B30-hurðum að öðrum herbergjum. Loka skal opi í vegg og gólf sýningarklefa. Hurðir að annarri brunasamstæðu (þ.e. stíghúsi) skulu vera A60. Út-ljósaskilti, neyðarlýsing og brunaviðvörðunarkerfi skal vera skv. brunamála-reglugerð. Brunaslanga er nú við svið og annarri skal koma fyrir í (eða við) forsali. Gera verður úttekt á loftræstikerfi m.t.t. brunamála.